

Ed. 695. Frumvarp til laga [331. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1951 um Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 31/1963 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84).

1. gr.

3. mli. 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu vera háð staðfestingu ráðherra þess er fer með bankamál.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanfögnu hefur verið unnið að heildarendurskoðun löggjafar um bankakerfið og hefur bankamálanefnd skilað tillögum sínum. Meðal þess sem nefndin leggur til er að yfirstjórn bankamála verði sameinuð í einu ráðuneyti og er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. maí 1983. Ljóst er hins vegar að ekki vinnst tími til að fá samþykkt nýja löggjöf um málefni banka og sparisjóða á þessu þingi. Vegna mikilvægis framangreinds stefnuatriðis fyrir framvindu málsins í heild er því nauðsynlegt að flytja þetta frumvarp.

Samkvæmt reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands fer iðnaðarráðherra með mál er varða Iðnaðarbanka Íslands h.f. og hefur hann m. a. forræði yfir hlutfjáreign ríkisins í bankanum. Skv. lögum nr. 113/1951 um Iðnaðarbankann samþykkir iðnaðarráðherra samþykkt félagsins og reglugerð bankans, jafnframt því sem hann skipar tvo menn í stjórn bankans.

Fyrir Alþingi liggja nú tvö frumvörp um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum og um breyting á stjórn bankans. Iðnaðarráðherra mun hafa umsjón með sölu hlutabréfanna, en málefni bankans munu að öðru leyti heyra undir viðskiptaráðherra, sem fer með bankamálin.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt annað frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 39/1983 um breyting á þeim lögum. Þar er lagt til að yfirstjórn Búnaðarbankans verði framvegis í höndum ráðherra þess sem fer með bankamál. Um frekari skýringar á því frumvarpi sem hér liggur fyrir má vísa til þessa síðartalda frumvarps.

Að lokum skal þess getið að Iðnlánasjóður, sem starfar á grundvelli laga nr. 68/1967 ásamt síðari breytingum, lýtur yfirstjórn iðnaðarráðherra. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að hér verði breyting á.

Frumvarpið er flutt af forsætisráðherra þar sem það varðar lagaákvæði um starfssvið tveggja ráðherra og er forsenda breytinga á reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 (sjá Stjórnartíðindi A 18 1969), sem gera verður til samræmis við efni frumvarpsins.